



Nefndarsvið Alþingis

nefnasvid@althingi.is

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 11. janúar 2018

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000. Þingskjal 24 – 24. mál**

Landspítali vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 21.12.2017 um ofangreint efni.

Frumvarpi þessu er ætlað að rétta hlut verðandi foreldra sem búa á landsbyggðinni og þurfa að dvelja fjarri heimili til að vera í öruggri nálægð við viðeigandi fæðingahjálp. Ef um er að ræða eðlilega meðgöngu þá er álitíð að þrjár vikur sé nóg. Í tilfellum þar sem um er að ræða áhættumeðgöngu verður að vera hægt að meta hvert mál fyrir sig. Í flestum tilfellum eru 8 vikur fyrir áætlaðan fæðingardag nóg en það eru alltaf tilfelli þar sem nauðsynleg er að foreldrar séu nálægt sjúkrahúsi, þá sérstaklega vökudeild í lengri tíma. Eins og nú stendur í frumvarpinu er hægt að skilja að réttur til framlengingu á fæðingarorlofi sé ætlaður fyrir báða foreldra þar sem það á við. Það verður að vera skýrt í lögum að þetta sé sjálfstæður réttur til fæðingarorlofs fyrir hvort foreldri.

Virðingarfyllst,

Landspítali

Páll Matthíasson

Forstjóri

Linda Kristmundsdóttir

Framkvæmdastjóri  
kvenna- og barnasviðs

**SKRIFSTOFA FORSTJÓRA**

Landspítali Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík • Sími 543 1100 • www.landspitali.is